

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 642/2009

2011/EES/10/19

frá 22. júlí 2009

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjónvörpum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmttilskipun2005/32/EBskal framkvæmdastjórnin setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar vörur sem nota orku og eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta að því er varðar umhverfisáhrif þeirra án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.
- 2) Í fyrsta undirlíð 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/32/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun innleiða framkvæmdarráðstafanir, eftir því sem við á, fyrir rafeindabúnað fyrir neytendur.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á sjónvörpum. Rannsóknin var þróuð ásamt hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Bandalaginu og þriðju löndum og niðurstöðurnar hafa verið gerðar aðgengilegar öllum á Evrópuvef framkvæmdastjórnarinnar.
- 4) Á sviði rafeindabúnaðar fyrir neytendur eru sjónvörp mikilvægur vöruflokkur að því er varðar raforkunotkun og því eru þau forgangsráði í visthönnunarstefnu.

- 5) Sá umhverfisþáttur sjónvarpa sem talinn er mikilvægur hvað varðar þessa reglugerð er raforkunotkun á notkunartíma.
- 6) Árleg raforkunotkun sem tengist sjónvörpum var talin vera 60 TWh árið 2007 í Bandalaginu, sem jafngildir losun 24 milljóna tonna af koltvísýringi. Ef ekki verður gripið til sértækra ráðstafana til að takmarka þessa notkun er því spáð að raforkunotkunin aukist í 132 TWh árið 2020. Undirbúningsrannsóknin sýnir að draga má umtalsvert úr raforkunotkun á notkunartíma.
- 7) Aðrir mikilvægir umhverfisþættir tengjast hættulegum efnum, sem notuð eru við framleiðslu sjónvarpa, og úrgangi frá sjónvörpum sem fargað er þegar þau eru úr sér gengin. Fjallað er um umbætur hvað varðar umhverfisáhrif þessu tengt í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽²⁾ annars vegar og hins vegar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ⁽³⁾ og skal því ekki fjallað frekar um þær í þessari reglugerð.
- 8) Undirbúningsrannsóknin sýnir að kröfur varðandi aðra mæliþætti visthönnunar, sem um getur í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2005/32/EB, eru ekki nauðsynlegar.
- 9) Mögulegt og raunhæft er að draga úr raforkunotkun sjónvarpa með því að beita fyrirbyggjandi, kostnaðarhagkvæmri tækni sem er ekki háð einkaleyfi og getur lækkað samanlagðan kostnað við að kaupa og nota sjónvörp.
- 10) Kröfur varðandi visthönnun skulu samræma kröfur um raforkunotkun sjónvarpa í gervöllu Bandalaginu og styðja þannig starfsemi innri markaðarins og stuðla að umbótum á vistvænleika þessara vara.
- 11) Kröfur varðandi visthönnun skulu ekki hafa neikvæð áhrif á virkni vöru og skulu ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi og umhverfi. Einkum skal ávinningurinn af því að draga úr raforkunotkun á notkunartíma vera meiri en hugsanleg viðbótarumhverfisáhrif á framleiðslustiginu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2011 frá 11. febrúar 2011 um breytingu á IV viðauka (Orka) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

- 12) Með því að innleiða kröfur varðandi vishönnun smám saman ætti framleiðendum að vera kleift að aðlaga vörur sínar innan viðeigandi tímaramma. Tímasetningin skal miða að því að forðast neikvæð áhrif á virkni búnaðar, sem þegar er á markaði, og að tekið sé tillit til kostnaðaráhrifa á framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.
- 13) Mælingar á viðeigandi mælipáttum vara skulu gerðar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ⁽¹⁾.
- 14) Reglugerð þessari er ætlað að auka útbreiðslu á tækni á markaði sem dregur úr umhverfisáhrifum sjónvarpa og leiðir til raforkuparnaðar sem áætlað er að nemi 28 TWh fyrir árið 2020 miðað við aðstæður þar sem ekki er gripið til ráðstafana.
- 15) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2005/32/EB skal í þessari reglugerð tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.
- 16) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum skulu framleiðendur veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum, sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2005/32/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 17) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB frá 12. mars 2009 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir sjónvörp er tilgreind besta orkunýtni þegar kveikt er á tæki sem völ er á eins og sakir standa og minni umhverfisáhrif tengd hættulegum efnum ⁽²⁾. Slík tilvisun mun hjálpa til við að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og mjög lítil fyrirtæki, sem mun auðvelda enn frekar samþættingu bestu hönnunartækni til að draga úr umhverfisáhrifum sjónvarpa. Viðmiðanir fyrir bestu, fánlegu tækni skulu því ekki tilgreindar í þessari reglugerð.
- 18) Kröfurnar varðandi vishönnun, sem taka gildi 7. janúar 2013 samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 frá 17. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun raf- og rafeindatekja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim ⁽³⁾, skulu taka gildi fyrir en kveðið er á um í þeirri reglugerð fyrir sjónvörp vegna þess að hægt er að taka í notkun tækni, sem uppfyllir ákvæði hennar fyrir sjónvörp, á stuttum tíma og ná þannig fram frekari orkusparnaði. Reglugerð (EB) nr. 1275/2008 gildir því ekki um sjónvörp og ber að breyta henni til samræmis við það.
- 19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fó með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2005/32/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar að setja sjónvörp á markað.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem settar eru fram í tilskipun 2005/32/EB, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „sjónvarp“: sjónvarpstæki eða sjónvarpsskjár,
- „sjónvarpstæki“: vara sem er fyrst og fremst hönnuð til að sýna og taka á móti hljóð- og myndmerkjum, er sett á markað undir einu tegundar- eða kerfisheiti og samanstendur af:
 - skjá,
 - einum eða fleiri rásveljum/móttökubúnaði og valkvæðri viðbótarvirkni sem tengist geymslu og/eða birtingu gagna eins og stafrænum mynddiski, hörðum diskum eða myndbandstæki, ýmist í einni einingu ásamt skjánum, eða í einni eða fleiri aðskildum einingum,
- „sjónvarpsskjár“: vara hönnuð til að birta myndmerki frá mörgum merkjagjöfum á samþættum skjá, þ.m.t. sjónvarpsútsendingarmerki, sem einnig getur stjórnað og flutt hljóðmerki fá ytri merkisgjafa, sem er tengdur í gegnum staðlaðar myndmerkjaleiðir, þ.m.t. gjardartengi (fjölþátta, samsett), SCART, HDMI og þráðlaus staðla framtíðarinnar (að undanskildum óstöðluðum leiðum fyrir myndmerki eins og DVI og SDI) en getur ekki tekið á móti og unnið úr útsendingarmerkjum,

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 82, 28.3.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 45.

4. „kveikt á tæki“: ástand þar sem sjónvarpið er tengt við rafkerfið og framkallar hljóð og mynd,

5. „heimilisstilling“: sjónvarpsstilling sem framleiðandi mælir með fyrir venjulega notkun á heimili,

6. „reiðuhumur“: ástand þar sem búnaður er tengdur við rafkerfið, er háður raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað rétt og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið:

– endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða

– birtingu upplýsinga eða stöðu,

7. „slökkt á búnaði“: ástand þar sem búnaður er tengdur við rafkerfið en engin aðgerð er virk og tekur einnig til:

a) ástands sem gefur einungis til kynna að slökkt sé á búnaði,

b) ástands þar sem einungis er fyrir hendi virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB, ⁽¹⁾,

8. „endurvirkjunaraðgerð“: aðgerð sem gerir kleift að virkja aðra hami, þ.m.t. hamurinn kveikt á tæki, með fjarstýrdum rofa, þ.m.t. fjarstýring, innbyggður nemi eða tímamælir, í því skyni að gera viðbótaraðgerðir mögulegar, þ.m.t. kveikja á búnaði,

9. „birting upplýsinga eða stöðu“: sívirk aðgerð sem gefur upplýsingar um eða sýnir stöðu búnaðar á skjá, þ.m.t. klukkur,

10. „skylduvalmynd“: safn sjónvarpsstillinga sem framleiðandi hefur ákveðið fyrirfram þar sem notandi sjónvarpsins verður að velja tiltekna stillingu þegar kveikt er á sjónvarpinu í fyrsta skipti,

11. „full háskerpuupplausn“: skjáupplausn þar sem raunverulegur fjöldi myndeinda er a.m.k. 1920 x 1080 myndeindir.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Kröfurnar varðandi visthönnun sjónvarpa eru settar fram í I. viðauka.

Samræmi við kröfur varðandi visthönnun skal mælt í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2005/32/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið til að meta samræmi, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

Tækniskjölín sem leggja skal fram vegna samræmismatsins eru tilgreind í 1. lið 5. hluta í I. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Sannpröfunaraðferð vegna markaðseftirlits

Markaðseftirlit skal fara fram í samræmi við sannpröfunaraðferðina sem sett er fram í III. viðauka.

6. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en 3 árum eftir gildistöku hennar og kynna niðurstöður þeirrar endurskoðunar á samráðsvettvanginum um visthönnun.

7. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1275/2008

Í stað 3. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1275/2008 komi textinn í IV. viðauka við þessa reglugerð.

8. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 24.

2. Kröfurnar varðandi vishönnun, sem settar eru fram í 1. lið 1. hluta, 3. hluta, 4. hluta og 2. lið 5. hluta í I. viðauka, gilda frá 20. ágúst 2010.

Kröfurnar varðandi vishönnun, sem settar eru fram í a- til d-lið 1. liðar 2. hluta í I. viðauka, gilda frá 7. janúar 2010.

Kröfurnar varðandi vishönnun, sem settar eru fram í 2. lið 1. hluta í I. viðauka, gilda frá 1. apríl 2012.

Kröfurnar varðandi vishönnun, sem settar eru fram í a- til e-lið 2. liðar 2. hluta í I. viðauka, gilda frá 20. ágúst 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Andris PIEBALGS

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI VISTHÖNNUN

1. AFLÞÖRF ÞEGAR KVEIKT ER Á TÆKI

1. Frá 20. ágúst 2010:

Þegar kveikt er á sjónvörpum með sýnilegan skjáflöt A sem gefinn er upp í dm^2 skal aflþörf ekki fara yfir eftirfarandi mörk:

	Full háskerpuupplausn	Öll önnur upplausn
Sjónvarpstæki	$20 W + A \cdot 1,12 \cdot 4,3224 W/\text{dm}^2$	$20 W + A \cdot 4,3224 W/\text{dm}^2$
Sjónvarpsskjáir	$15 W + A \cdot 1,12 \cdot 4,3224 W/\text{dm}^2$	$15 W + A \cdot 4,3224 W/\text{dm}^2$

2. Frá 1. apríl 2012:

Þegar kveikt er á sjónvörpum með sýnilegan skjáflöt A sem gefinn er upp í dm^2 skal aflþörf ekki fara yfir eftirfarandi mörk:

	Öll upplausn
Sjónvarpstæki	$16 W + A \cdot 3,4579 W/\text{dm}^2$
Sjónvarpsskjáir	$12 W + A \cdot 3,4579 W/\text{dm}^2$

2. AFLÞÖRF Í REIÐUHAM/ÞEGAR SLÖKKT ER Á TÆKI

1. Frá 7. janúar 2010:

a) Aflþörf þegar slökkt er á tæki:

Þegar slökkt er á sjónvörpum skal aflþörf þeirra ekki fara yfir 1,00 W.

b) Aflþörf í reiðuham:

Aflþörf sjónvarpa í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð, eða býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaðgerð sé virk skal ekki fara yfir 1,00 W.

Aflþörf sjónvarpa í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður aðeins upp á samsetningu endurvirkjunaraðgerðar og birtingu upplýsinga eða stöðu, skal ekki fara yfir 2,00 W.

c) Innbyggðu möguleikarnir slökkt á tæki og/eða reiðuhamur:

Sjónvörp skulu hafa möguleikana slökkt á tæki og/eða reiðuham innbyggða og/eða annað ástand þar sem aflþörf fer ekki yfir gildandi kröfur um slíka þörf þegar slökkt er á þeim og/eða þau eru í reiðuham þegar sjónvarpið er tengt rafkerfínu.

d) Hvað varðar sjónvarpstæki sem samanstanda af skjá, einum eða fleiri rásveljurum/móttökubúnaði og valkvæðri viðbótarvirgni sem tengist geymslu og/eða birtingu gagna eins og stafrænum mynddiski, hörðum diskum eða myndbandstæki, ýmist í einni eða fleiri aðskildum einingum, gilda a- til c-liðir um skjáinn og aðskildu einingarnar hverja um sig.

2. Frá 20. ágúst 2011:

a) Aflþörf þegar slökkt er á tæki:

Aflþörf sjónvarpa þegar slökkt er á þeim skal ekki vera meiri en 0,30 W nema að uppfylltu skilyrðinu í næstu málsgrein.

Hvað varðar sjónvörp, með vel sýnilegan rofa, sem færir sjónvarpið í ástand þar sem aflþörf þess er ekki meiri en 0,01 W þegar hann er notaður til að slökkva á því, skal aflþörf sjónvarpsins í annars konar ástandi þar sem einnig er slökkt á því ekki fara yfir 0,50 W.

b) Aflþörf í reiðuham:

Aflþörf sjónvarpa í sérhverju ástandi, sem býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð, eða býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk, skal ekki fara yfir 0,50 W.

Aflþörf sjónvarpa í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður upp á samsetningu endurvirkjunaraðgerðar og birtingu upplýsinga eða stöðu, skal ekki fara yfir 1,00 W.

c) Innbyggðu möguleikarnir slökkt á tæki og/eða reiðuhamur:

Sjónvörp skulu hafa möguleikana slökkt á tæki og/eða reiðuham innbyggða og/eða annað ástand þar sem aflþörf fer ekki yfir gildandi kröfur um slíka þörf þegar slökkt er á þeim og/eða þau eru í reiðuham þegar sjónvarpið er tengt rafkerfinu.

d) Sjálfvirk skipting í aflminni ham:

Sjónvörp skulu bjóða upp á aðgerð með eftirfarandi eiginleikum:

- i. þegar kveikt hefur verið á sjónvarpinu í að hámarki 4 klukkustundir frá síðustu aðgerð notanda og/eða frá því að notandi skipti um rás skal sjónvarpið sjálfkrafa skipta frá þeim ham yfir í:
 - reiðuham, eða
 - ham þar sem slökkt er á því, eða
 - annað ástand, án þess að farið sé yfir gildandi kröfur um aflþörf þegar slökkt er á sjónvarpinu og/eða það er í reiðuham,
- ii. sjónvörp skulu birta viðvörðunarkerfi áður en sjónvarpið skiptir sjálfkrafa úr ham þar sem kveikt er á sjónvarpinu yfir í viðeigandi ástand/ham.

Þessi aðgerð skal vera sjálfgefin stilling.

- e) Hvað varðar sjónvarpstæki sem samanstanda af skjá, einum eða fleiri rásveljurum/móttökubúnaði og valkvæðri viðbótarvirkni sem tengist geymslu og/eða birtingu gagna eins og stafrænum mynddiski, hörðum diskum eða myndbandstæki í aðskildri einingu, gilda a- til d-liðir um skjáinn og aðskildu eininguna hvort um sig.

3. „HEIMLISSTILLING“ FYRIR SJÓNVÖRP SEM ERU MEÐ SKYLDUVALMYND

Frá 20. ágúst 2010:

Sjónvörp sem eru með skylduvalmynd þegar fyrst er kveikt á sjónvarpinu skulu bjóða upp á „heimilisstillingu“ í skylduvalmyndinni sem skal vera sjálfgefna stillingin þegar fyrst er kveikt á sjónvarpinu. Velji notandi annan ham en „heimilisstillingu“ þegar fyrst er kveikt er á sjónvarpinu skal annað valferli fara í gang til að staðfesta það val.

4. HLUTFALL HÁMARKSLJÓMA

Frá 20. ágúst 2010:

- Sjónvörp án skylduvalmyndar: hámarksljómi þegar kveikt er á sjónvarpinu með þeim stillingum sem koma frá framleiðanda skal ekki vera undir 65% af hámarksljóma sjónvarpsins í sínu bjartasta ástandi þegar kveikt er á því.
- Sjónvörp með skylduvalmynd: hámarksljómi heimilisstillingar skal ekki vera undir 65% af hámarksljóma sjónvarpsins í sínu bjartasta ástandi þegar kveikt er á því.

5. UPPLÝSINGAR SEM FRAMLEIÐENDUM BER AÐ VEITA

1. Að því er varðar samræmismat skv. 5. gr. skulu tækniskjölin innihalda eftirfarandi þætti:
 - a) prófunarþættir fyrir mælingarnar:
 - umhverfshiti,
 - prófunarspenna í V og tíðni í Hz,
 - heildaryfirsveiflujögun rafveitukerfisins,
 - inngangstengi fyrir hljóð- og myndprófunarmerkin,
 - upplýsingar og gögn um tækjabúnað, uppsetningu og straumrásir notaðar við rafmagnsprófun,
 - b) fyrir ham þar sem kveikt er á tæki:
 - gögn um aflþörf í vöttum með einum aukastaf fyrir aflmælingar upp að 100 vöttum og gögn námunduð að næstu heilu tölu fyrir aflmælingar yfir 100 vöttum,
 - einkenni virka myndmerkisins sem svarar til efnis dæmigerðrar sjónvarpsútsendingar,
 - röð þrepa sem þarf til að ná stöðugu ástandi að því er varðar aflþörf,
 - fyrir sjónvörp með skylduvalmynd skal til viðbótar gefa upp í hundraðshlutum hlutfall hámarksljóma heimilisstillingar og hámarksljóma sjónvarpsins í sínu bjartasta ástandi þegar kveikt er á því,
 - fyrir sjónvarpsskjái skal til viðbótar gefa lýsingu á viðeigandi einkennum rásveljarans sem notaður er til mælinga,
 - c) fyrir hvern reiðuham eða þann ham þar sem slökkt er:
 - gögn um aflþörf í vöttum með tveimur aukastöfum,
 - mæliaðferðina sem var notuð,
 - lýsingu á því hvernig hamurinn var valinn eða forritaður,
 - röð atburða þar til sjónvarpið skiptir sjálfkrafa úr einum ham yfir í annan,
 - d) fyrir sjálfvirka skiptingu í aflminni ham:

hverju lengi ástand þar sem kveikt er á sjónvarpinu varir áður en sjónvarpið skiptir sjálfkrafa í reiðuham eða þann ham þegar slökkt er á því eða annað ástand, án þess að farið sé yfir gildandi kröfur um aflþörf þegar slökkt er á sjónvarpinu eða það er í reiðuham,
 - e) fyrir hættuleg efni:

ef sjónvarpið inniheldur kvikasilfur eða blý: kvikasilfursinnihald sem X,X mg og að blý sé fyrir hendi.
2. Frá 20. ágúst 2010:

Eftirfarandi upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar öllum á vefsetrum með opnum aðgangi:

 - gögn um aflþörf í vöttum þegar kveikt er á tæki, með einum aukastaf fyrir aflmælingar upp að 100 vöttum og gögn námunduð að næstu heilu tölu fyrir aflmælingar yfir 100 vöttum,
 - gögn um aflþörf í vöttum í reiðuham og/eða þegar slökkt er með tveimur aukastöfum,
 - fyrir sjónvörp án skylduvalmynda: hlutfall hámarksljóma í hundraðshlutum þegar kveikt er á sjónvarpinu með þeim stillingum sem koma frá framleiðanda og hámarksljóma í bjartasta ástandi sjónvarpsins þegar kveikt er á því, námundað að næstu heilu tölu,
 - fyrir sjónvörp með skylduvalmynd: hlutfall hámarksljóma heimilisstillingar í hundraðshlutum og hámarksljóma sjónvarpsins í sínu bjartasta ástandi þegar kveikt er á því, námundað að næstu heilu tölu,
 - ef sjónvarpið inniheldur kvikasilfur eða blý: kvikasilfursinnihald sem X,X mg og að blý sé fyrir hendi.

II. VIÐAUKI

MÆLINGAR

1. Mælingar á aflþörf þegar kveikt er á tæki

Mælingar á aflþörfinni sem um getur í 1. hluta I. viðauka skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- a) Mælingar skulu gerðar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni.
- b) Við mælingu á aflþörf sjónvarps þegar kveikt er á því skulu stillingar sjónvarpsins vera eftirfarandi:
 - Sjónvörp án skylduvalmyndar: aflþörfin sem um getur í 1. og 2. lið skal mæld þegar kveikt er á sjónvarpinu með þeim stillingum sem koma frá framleiðanda, þ.e.a.s. birtustilling sjónvarpsins skal vera sú sem framleiðandi ákveður fyrir endanlegan notanda.
 - Sjónvörp með skylduvalmynd: aflþörfin sem um getur í 1. og 2. lið skal mæld í heimilisstillingu.
 - Sjónvarpsskjáir án skylduvalmyndar: sjónvarpsskjárin skal tengdur við viðeigandi rásveljara. Aflþörfin sem um getur í 1. og 2. lið skal mæld þegar kveikt er á sjónvarpinu með þeim stillingum sem koma frá framleiðanda, þ.e.a.s. birtustilling sjónvarpsins skal vera sú sem framleiðandi ákveður fyrir endanlegan notanda. Aflþörf rásveljarans skiptir ekki máli við mælingu á aflþörf sjónvarpsskjásins þegar kveikt er á honum.
 - Sjónvarpsskjáir með skylduvalmynd: sjónvarpsskjárin skal tengdur við viðeigandi rásveljara. Aflþörfin sem um getur í 1. og 2. lið skal ákvörðuð í heimilisstillingu.
- c) Almenn skilyrði:
 - Mælingar skulu gerðar við umhverfishita sem er 23 °C +/- 5 °C.
 - Mælingar skulu gerðar með virku myndmerki sem svarar til efnis dæmigerðar sjónvarpsútsendingar. Mæla skal meðal aflþörf í 10 mínútur samfellt.
 - Mælingar skulu gerðar eftir að slökkt hefur verið á sjónvarpinu í a.m.k. 1 klukkustund og strax þar á eftir kveikt á því í a.m.k. 1 klukkustund og skal lokið áður en að kveikt hefur verið á sjónvarpinu í 3 klukkustundir að hámarki. Viðeigandi myndmerki skal sýnt allan tímann meðan kveikt er á tækinu. Hvað varðar sjónvörp sem vitað er að ná stöðugu ástandi innan 1 klukkustundar má minnka þennan tíma ef hægt er að sýna fram á að niðurstöður mælinganna víkja ekki meira en 2% frá þeim niðurstöðum sem annars fengjust á þeim tíma sem hér er lýst.
 - Mælingar skulu gerðar með óvissu sem er 2% eða minni við 95% öryggisstig.
 - Mælingar skulu gerðar eftir að sjálfvirk birtustilling hefur verið gerð óvirk sé hún til staðar. Ef sjálfvirk birtustilling er til staðar og ekki er hægt að gera hana óvirka skulu mælingar framkvæmdar þannig að ljósið fari beint inn í umhverfisljósnefann og sé 300 lúx eða meira.

2. Mælingar á aflþörf í reiðuham/þegar slökkt er á sjónvarpi

Mælingar á aflþörfinni sem um getur í 2. hluta I. viðauka skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- a) Aflþörfin, sem um getur í a- og b-lið 1. liðar og a- og b-lið 2. liðar, skal mæld með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni.
- b) Mælingar á afli sem er 0,50 W eða meira skulu gerðar með óvissu sem er 2% eða minni við 95% öryggisstig. Mælingar á afli sem er minna en 0,50 W skulu gerðar með óvissu sem er 0,01 W eða minna við 95% öryggisstig.

3. Mælingar á hámarksljóma

Mælingar á hámarksljóma eins og um getur í 4. hluta I. viðauka skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- a) Mælingar skulu gerðar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni.
- b) Mælingar á hámarksljóma skulu gerðar með ljómamæli sem mælir þann hluta skjásins sem sýnir (100%) hvíta mynd og er hluti af prófunarmynstri, sem notað er fyrir heilskjásprófun, sem fer ekki yfir meðalmyndgildið (APL) þar sem afltakmörkun á sér stað í ljómastýrikerfi skjásins.
- c) Mælingar á ljómahlutfallinu skulu gerðar án þess að breyta mælipunkti ljómamælisins á skjánum meðan skipt er á milli þeirra stíllinga sem um getur í 4. hluta I. viðauka.

III. VIÐAUKI

SANNPRÓFUNARÁÐFERÐ

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/32/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaráðferð að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka.

1. Yfirvöld í aðildarríkinu skulu prófa eitt sjónvarp.
2. Tegundin skal teljast uppfylla ákvæði I. viðauka að því tilskildu að:
 - a) niðurstaða mælinga á aflþörf þegar kveikt er á sjónvarpinu fari ekki meira en 7% yfir gildandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í 1. og 2. lið í 1. hluta, og
 - b) niðurstaða mælinga í reiðuham/þegar slökkt er á sjónvarpinu, eftir því sem við á, fari ekki meira en 0,10 W yfir gildandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í a- og b-lið 1. liðar og a- og b-lið 2. liðar í 2. hluta I. viðauka og
 - c) niðurstaða mælingar á hlutfalli hámarksljóma sem sett er fram í 3. hluta I. viðauka fari ekki niður fyrir 60%.
3. Ef niðurstöðurnar sem um getur í a-, b- eða c-lið 2. liðar fást ekki skal prófa þrjár einingar til viðbótar af sömu tegund.
4. Þegar búið er að prófa þrjár einingar til viðbótar af sömu tegund telst tegundin uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka að því tilskildu að:
 - a) meðaltal niðurstaðna síðastnefndu eininganna þriggja, að því er varðar aflþörf þegar kveikt er á þeim, fari ekki meira en 7% yfir gildandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í 1. og 2. lið í 1. hluta I. viðauka og
 - b) meðaltal niðurstaðna síðastnefndu eininganna þriggja, að því er varðar mælingar í reiðuham/í ham þar sem slökkt er á þeim, eftir því sem við á, fari ekki meira en 0,10 W yfir gildandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í a- og b-lið 1. liðar og a- og b-lið 2. liðar í 2. hluta I. viðauka og
 - c) meðaltal niðurstaðna síðastnefndu eininganna þriggja að því er varðar hlutfall hámarksljóma sem sett er fram í 3. hluta I. viðauka fari ekki niður fyrir 60%.
5. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-, b- og c-lið 4. liðar, fást ekki telst tegundin ekki uppfylla kröfurnar.
6. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, í þeim tilgangi að kanna samræmi við kröfurnar, beita aðferðinni sem um getur í II. viðauka og áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkonnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

*IV. VIÐAUKI***Skrá yfir vörur sem nota orku og falla undir 3. lið i. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1275/2008**

Útvarpstæki

Myndtökuvél

Myndbandsupptökutæki

Hi-fi-upptökutæki

Magnarar

Heimabíókerfi

Hljóðfæri

og annar búnaður sem er notaður til hljóð- eða myndupptöku eða -flutnings, þ.m.t. merki eða annars konar tækni við dreifingu hljóðs og myndar en með fjarskiptum, að undanskildum sjónvörpum eins og þau eru skilgreind í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009.
